



Yfirlit um afkomu sveitarfélaganna á árinu 2008

Mikil fjárhagsleg áföll riðu yfir samfélagið á síðasta ári. Sveitarfélögin í landinu fara ekki varhluta af þessum breytingum frekar en aðrir. Í þessu gjörbreytta rekstrarumhverfi sveitarfélaganna þótti afar mikilvægt að efla upplýsingaöflun um rekstur þeirra og efnahag í þeim tilgangi að allar meginforsendur um fjárhagslega stöðu þeirra lægju fyrir hverju sinni. Samband íslenskra sveitarfélaga, Hagstofa Íslands og Samgönguráðuneytið hafa tekið upp samstarf um að safna saman upplýsingum um rekstur sveitarfélaganna, fjármagnskostnað og fjárfestingar frá mánuði til mánaðar.

Söfnun upplýsinga

Upplýsingum er safnað á þann hátt að sambandið sendir excel-skjal til sveitarfélaganna eftir miðjan hvern mánuð. Sveitarfélögin fylla skjalið út með umbeðnum upplýsingum sem ná yfir tímabilið frá ársbyrjun fram til síðustu mánaðamóta hverju sinni. Mikilvægt var talið í upphafi að óska ekki eftir umfangsmeiri upplýsingum en þeim sem sveitarfélögin geta tekið út úr bókhaldi sínu með lítilli fyrirhöfn til að auðvelda þeim verkið og takmarka útlagðan kostnað. Ekki verður annað séð en að það hafi tekist því að allnokkur sveitarfélög senda skjalið út útfyllt til baka eftir mjög skamman tíma. Þessi söfnun upplýsinga hefur einnig virkað sem hvati fyrir sveitarfélögin að nýta sér niðurstöður úr bókhaldinu til að fylgjast með afkomunni frá mánuði til mánaðar.

Skjalið var sent út í fyrsta sinn skömmu eftir miðjan nóvember. Þá var óskað eftir upplýsingum frá ársbyrjun fram til októberloka. Svör voru að berast fram til áramóta en alls bárust svör frá 39 sveitarfélögum sem hafa um 82% íbúanna. Ástæða fyrir því að endurheimta upplýsinga gekk frekar hægt í heildina lítið má meðal annars rekja til anna við vinnu við fjárhagsáætlun. Engu að síður er ástæða til að hvetja sveitarfélögin til að senda umbeðnar upplýsingar inn hið fyrsta eftir að skjalið berst þeim í hendur, því afar mikilvægt er að hafa möguleika til að fylgjast með þeirri þróun sem á sér stað í fjárhagslegri afkomu sveitarfélaganna.



Bls. 2



Niðurstöður um fjárhagslega afkomu sveitarfélaganna sem byggja á fyrstu 10 mánuðum ársins 2008.

Bls. 3



Rekstrarleg afkoma er lökust á þeim svæðum þar sem þensla var mest.

Bls. 4



Mikilvægt er að sveitarfélögin séu virkir þátttakendur í þessu verkefni með því að skila umbeðnum upplýsingum á skilvirkan hátt.

Helstu niðurstöður:

Niðurstöður um fjárhagslega afkomu sveitarfélaganna sem byggja á upplýsingum fyrir fyrstu 10 mánuði ársins liggja nú fyrir. Niðurstöður voru „færðar upp“ fyrir landið allt og allt árið nema upplýsingar um skuldir. Þær eru einungis uppfærðar með hliðsjón af íbúafjölda. Með þeirri aðferð er hægt að bera niðurstöðurnar saman frá mánuði til mánaðar og sjá þannig hver

þróunin er í fjárhagslegri afkomu sveitarfélaganna. Í uppgjöri er sveitarfélögunum skipt í fjóra flokka: Reykjavíkurborg, höfuðborgarsvæðið án Reykjavíkur, vaxtarsvæði og önnur sveitarfélög. Þessi skipting gefur nokkuð glögga mynd af stöðu sveitarfélaganna með hliðsjón af mismunandi gerð og legu þeirra og er því notuð hér.

Tafla 1: Skil upplýsinga

	jan.-okt. 2008
Fjöldi sveitarfélaga	39
Hlutfall íbúa	82,3%

Tafla 2: Skil hjá einstökum flokkum

	Reykja- víkur- borg	Höfuðborgar- svæði án Reykjavíkur	Vaxtar- svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals
Íbúafjöldi	119.848	81.737	72.276	45.985	319.846
Skilahlutfall	100,0%	65,1%	90,3%	54,0%	
Hlutfall íbúa af heild	37,5%	25,6%	22,6%	14,4%	100,0%

Í töflu 2 koma fram skil á gögnum sem hlutfall af íbúafjölda í einstökum flokkum svo og hlutdeild íbúanna í hverjum flokki fyrir sig. Skilin í einstökum flokkum eru best á vaxtarsvæðunum

en lökust í öðrum sveitarfélögunum. Þar er einnig að finna flest minnstu sveitarfélögin.

Tafla 3: Rekstrarleg afkoma

Allar fjárhæðir í m.kr.	Reykja- víkur- borg	% af tekjum	Höfuðborgar- svæði án Reykjavíkur	% af tekjum	Vaxtar- svæði	% af tekjum	Önnur sveitar- félög	% af tekjum	Samtals	% af tekjum
Tekjur samtals	61.443		37.659		40.348		29.204		168.655	
Laun	28.049	45,7%	18.075	48,0%	19.207	47,6%	14.330	49,1%	79.662	47,2%
Annar rekstrarkostn.	30.861	50,2%	21.063	55,9%	21.719	53,8%	12.347	42,3%	85.991	51,0%
Rekstrarkostn. samtals	58.910	95,9%	39.138	103,9%	40.926	101,4%	26.677	91,3%	165.653	98,2%
Framlegð	2.533	4,1%	-1.479	-3,9%	-578	-1,4%	2.527	8,7%	3.002	1,8%

Í töflu 3 kemur fram yfirlit um áætlaðar tekjur og gjöld sveitarfélaganna á árinu 2008. Niðurstöðurnar eru unnar út frá upplýsingum sem ná yfir fyrstu 10 mánuði ársins og koma frá sveitarfélögum sem eru með rúm 82% íbúanna. Einnig eru birtar upplýsingar um hlutfall einstakra þátta af heildartekjum. Niðurstöðurnar eru færðar hlutfallslega upp þannig að þær miðast við öll sveitarfélög í landinu og almanaksárið þannig að hægt sé að áætla á þennan hátt afkomu sveitarfélaganna á árinu 2008. Samkvæmt töflu 3 er Reykjavíkurborg með framlegð upp á 2,5

ma.kr. sem er 4,1% af tekjum, höfuðborgarsvæðið án Reykjavíkur með neikvæða framlegð upp á 1,5 ma.kr. eða -3,9% af tekjum, vaxtarsvæði eru með neikvæða framlegð upp á tæpar 0,6 ma.kr. eða -1,4% af tekjum. Að lokum eru önnur sveitarfélög með framlegð upp á 2,5 ma.kr. eða 8,7% af tekjum. Samtals er áætlað að sveitarfélögin séu með um 3 ma.kr. í framlegð sem er 1,8% af tekjum. Þarna kemur fram að rekstrarleg afkoma er lökust á þeim svæðum þar sem þenslan var mest.

Tafla 4: Fjárfestingarhreyfingar

Allar fjárhæðir í m.kr.	Reykjavíkurborg	Höfuðborgarsvæði án Reykjavíkur	Vaxtarsvæði	Önnur sveitarfélög	Samtals
Samtals fjárfestingarhreyfingar	8.745	14.238	7.847	3.386	34.218
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjárm.	8.724	16.374	8.605	3.801	37.506
Tekjur af gatnag.- og byggingalgj.	-968	2.135	727	364	2.259
Söluverð varanlegra rekstrarfjm.	946	0,7	29	51	1.028

Í töflu 4 sést yfirlit um fjárfestingarhreyfingar miðað við allt árið 2008. Fjárfesting er langmest hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur. Síðan koma Reykjavík og vaxtarsvæði með áþekkar fjárhæðir. Þær eru síðan mun minni hjá öðrum sveitarfélögum. Áætlað er að brúttófjárfesting nemi

um 37,5 ma.kr. á árinu 2008. Tekjur af gatnagerðargjöldum og söluverði varanlegra rekstrarfjármuna eru metnar á rúma 3 ma.kr. þannig að stærstur hluti þessara framkvæmda er fjármagnaður með lánsfé.

Tafla 5: Skuldir sveitarfélaga

Allar fjárhæðir í m.kr.	Reykjavíkurborg	Höfuðborgarsvæði án Reykjavíkur	Vaxtarsvæði	Önnur sveitarfélög	Samtals
Skuldastaða í lok tímabils	23.694	46.196	41.850	19.156	130.896
Skammtímaskuldir	15.063	12.439	10.911	3.575	41.988
Langtímaskuldir	8.631	33.757	30.939	15.580	88.907

Heildaryfirlit um áætlaðar skuldir sveitarfélaga koma fram í töflu 5. Þar sést að heildarskuldir þeirra eru áætlaðar um 131 ma.kr. Þar af eru skammtímaskuldir um 42 ma.kr. og langtímaskuldir um 89 ma.kr. Það er háð ýmsum óvissuþáttum að áætla heildarskuldir sveitarfélaganna út frá fyrirliggjandi upplýsingum svo að hér er um ákveðna nálgun að ræða. Þróun gengismála hefur tekið verulegum breytingum frá einum mánuði til annars. Áhrif verðbólgunnar eru einnig töluverð á þróun verðtryggðra lána þannig að hér er um nálgun að ræða en ekki handfastar niðurstöður. Lífeyrisskuldbindingar eru ekki reiknaðar með í þessari samantekt. Þær eru reiknaðar út í

tengslum við frágang ársreiknings og eru því einungis uppfærðar einu sinni á ári. Í árslok 2007 voru þær um 43 ma.kr. miðað við verðlag í nóv. 2008. Hér eru ekki taldar með skuldbindingar utan efnahags. Þær koma meðal annars til með þeim hætti að sveitarfélag hefur selt eignir sínar og endurleigt þær eða falið einkaaðila að kosta fjárfestingu sem sveitarfélagið leigir síðan til langs tíma. Upplýsingar um þessar skuldbindingar eru ekki í efnahagsreikningi sveitarfélaganna heldur er þeirra getið í skýringum samkvæmt ákveðinni forskrift. Í árslok 2007 voru skuldbindingar utan efnahags um 45 ma.kr. miðað við verðlag í nóv. 2008.



Að lokum

Hér að framan eru birtar niðurstöður úr fyrstu skilum sveitarfélaga á mánaðarlegri upplýsingasöfnun. Markmiðið með þessari söfnun upplýsinga er að hafa sem gleggst yfirlit á hverjum tíma um hvernig þróunin er í fjárhagslegri afkomu sveitarfélaganna. Slíkt yfirlit er nauðsynlegt til að geta gert sér grein fyrir stöðu sveitarfélaganna og hvert stefnir við þær aðstæður sem ríkja hérlendis næstu misserin. Mikilvægt er að sveitarfélögin séu virkir þátttakendur í þessu verkefni með því að skila umbeðnum upplýsingum á skilvirkan hátt.

Hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga

Ábm.: Gunnlaugur A. Júlíusson, sviðsstjóri



**Samband íslenskra
sveitarfélaga**

Borgartúni 30, Pósthólf 8100, 128 Reykjavík

Sími: 515 4900, Fax: 515 4903

www.samband.is samband@samband.is